

Þriðjudaginn 30. október 1990.

Nr. 149/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ólafi Grétari Aðalsteinssyni

(Örn Clausen hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða yrði þyngd.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsivist, ef dæmd verður, höfð skilorðsbundin.

Ákærði hefur ítarlega lýst átökum sínum við Kristín Þorsteinsson. Þegar litið er til framburðar hans og höfð hliðsjón af lýsingu í krufningarskýrslu á áverkum Kristins og öðru því, sem fram er komið í málinu, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. (ekki 2. mgr. 118. gr., eins og misritast hefur í héraðsdómi) almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Fallist er á ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, en eins og hér stendur á, þykir tilvísun til 4. tölulíðar 74. gr. almennra hegningarlaga ekki eiga við. Staðfesta ber málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Grétar Aðalsteinsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslna 20. desember 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. desember, er í sakadómi Ísafjarðarsýslna, sem haldinn er í dómsalnum Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í máli nr. 170/1987: Ákærvaldið gegn Ólafi Grétari Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms þ. 6. sama mánaðar.

Með ákæru rikissaksóknara, dags. 28. dags. (sic) 1988, var opinbert mál höfðað fyrir sakadómi Ísafjarðarsýslu á hendur Ólafi Grétari Aðalsteinssyni sjómanni, Vesturgötu 25, Akranesi, fæddum á Flateyri 2. maí 1960, „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa, laust eftir kl. 3.00 aðfaranótt sunnudagsins 28. september 1986, ráðist á Kristin Þorsteinsson, fæddan 18.3. 1928, í íbúð hans á efri hæð hússins nr. 9 við Grundarstíg á Flateyri, fellt hann ofan í rúm og slegið hann þar margsinis í höfuð, brjóst og síðu með krepptum hnefum og jafnframt með olnboga í vinstri síðuna, með þeim afleiðingum, að Kristinn hlaut áverka á höfuð og vinstra megin á brjóst og brot á 3 rifbeinum í vinstri síðu.

Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa yfirgefið Kristin með framangreinda áverka án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að honum bærisk hjálp en er ákærði kom á vettvang næsta mánudag um kl. 7.30 var Kristinn látinn af völdum loftbrjósts með samfalli á vinstra lunga og blæðingu undir mjúku heilahimnuna.

Telst atferli ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og 1. mgr. 220. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Ákærði og eiginkona hans, Martha E. K. Lund, áttu heima á neðri hæð gamals timburhúss að Grundarstíg 9, Flateyri við Öndurfjörð, ásamt 8 ára gamalli dóttur konunnar. Á efri hæð átti Kristinn Þorsteinsson heima. Hafði sambýlið varað í um 3 ár, er atvik máls þessa urðu, en ákærði og fjölskylda hans verið þar nokkru lengur til heimilis. Ákærði var fæddur á Flateyri og uppalinn, að mestu af föður sínum og ráðskonum, en móður sína missti hann á barnsaldri. Voru ákærði og Kristinn Þorsteinsson eigendur hvor sinnar íbúðar. Húsið Grundarstígur 9 er sambyggt húsinu nr. 11 við sömu götu, þar sem er ein íbúð á tveim hæðum.

Íbúðirnar að Grundarstíg 9 hafa hvor sinn inngang. Brattur trésti liggur

frá anddyri upp á efri hæðina. Af stigagangi er gengið til hægri inn í eldhús, en til vinstri er gengið meðfram stigauppgangi að baðherbergi. Gengið er til stofu úr eldhúsi. Inn af stofunni er svefnherbergi. Inn af eldhúsi er herbergi og gengið í það frá eldhúsinu; milli þessa herbergis og svefnherbergis eru dyr, sem ekki hafa verið í notkun. Inn af eldhúsi er einnig geymsla (búr). Lögreglumaður tók ljósmyndir og gerði uppdrátt af vettvangi. Stærð íbúðar 51 m².

Sambýlið var erfitt á ýmsan hátt vegna skorts á umhirðu og tillitssemi af hálfu Kristins, eins og nánar verður síðar frá greint. Kristinn Þorsteinson var 58 ára og einstæðingur, að því er séð verður. Sonarsonur hans, Egill Egilsson, f. 10.11. 1969, kom til Flateyrar í mars 1986 og hélt til hjá afa sínum fram til síðari hluta ágústmánaðar, er rafmagn til íbúðarinnar, bæði til ljósa og hitunar, var tekið af vegna vanskila. Um þessar mundir var að ljúka með skilnaði eins árs hjónabandi Kristins heitins og konu hans, sem virðist einnig hafa átt við áfengisvanda að etja. Síðustu tvær vikurnar var Egill einn, eftir að afi hans fór suður á stofnun fyrir áfengissjúka. Þaðan kom hann laugardaginn 27. september 1986, drukkinn.

Ákærði hefur lengstum stundað sjómennsku. Hann hætti á togaranum Gylli um mánuði eftir atburð þann, sem varð tilefni máls þessa, að sumu leyti vegna hans, en einkum þó þess, að ekki tókst að finna aðra íbúð í stað þeirrar gömlu, sem orðin var ónothæf vegna vatnsaga. Fram kemur, að hann hafi ekki orðið fyrir aðkasti í kaupþúninu eða á togaranum, heldur þvert á móti haft samúð fólks. Frá Flateyri lá leiðin til Grindavíkur, þar sem fjölskyldan átti heima í leiguíbúð í eitt ár. Hjónunum fæddist barn, og ákærði aflaði sér vélavarárréttinda með námi samhliða vinnu. Á Akranesi hafa þau síðan átt heima í eigin íbúð, og starfar ákærði sem 2. vélstjóri á skipi frá Hafnarfirði. Íbúðin á Flateyri var seld nauðungarsölu fyrir 15.000 krónur, en sumarið 1986 varði ákærði 200.000 krónum til endurbóta hennar.

III.

Tilgreint verður í meginatriðum efni skýrslu Óskars Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslum, um fyrstu aðgerðir lögreglu og frumrannsókn málsins:

„Mánudaginn 29.9. '86 kl. 7.56 hringdi Páll Þorgeirsson heilsugæslulæknir á Flateyri á lögreglustöð og tilkynnti um mannlát í heimahúsi að Grundarstíg 9, Flateyri.

Undirrituðum var tilkynnt þetta skömmu síðar, undirritaður ásamt lögreglumanni nr. 5, Arnari Þ.Stefánssyni, fór nokkru síðar til Flateyrar, þar sem haft var tal af Páli Þorsteinssyni kl. 8.55.

Páll skýrði frá því, að kl. 7.35 - 7.40 hefði Ólafur Aðalsteinsson, til

heimilis að Grundarstíg 9, neðri hæð, hringt til sín og sagt, að eitthvað hefði skeð á efri hæð hússins, og beðið sig að koma á staðinn.

Páll kvaðst hafa farið þangið og hitt Ólaf þar fyrir utan; þar hafði Ólafur skýrt Páli frá því að skömmu áður hefði hann farið á efri hæð hússins þar sem Kristinn Þorsteinsson býr og fundið hann liggjandi á eldhúsgólfinu. Ólafur taldi að Kristinn væri látinn.

Páll skýrir frá því að hann hafi þá farið í íbúð Kristins, fundið hann þar á eldhúsgólfi og Kristinn hafi þá verið látinn. Páll sagðist síðan hafa farið á neðri hæð hússins og efnið þar að komast í síma þar sem hann tilkynnti til lögreglu um andlátið.

Nánar aðspurður skýrði Páll síðan frá því að honum hefði verið kunnugt um að Kristinn hefði þá sex vikum áður farið, fyrir m.a. hans tilstuðlan, í áfengismeðferð til Reykjavíkur. Páll kvaðst síðan ekki hafa vitað um heimkomu Kristins fyrr en aðfaranótt sunnudagsins 28.9. sl. um kl. 4.26, að Ólafur Aðalsteinsson hringdi og óskaði læknisaðstoðar vegna áverka sem hann kvaðst hafa hlotið þá skömmu áður er hann lenti í átökum við Kristin.

Vettvangur.

Er undirritaður kom að dyrum íbúðar annarrar hæðar, voru þær lokaðar en ólæstar, þar innandyrá í anddyri var megn sorplykt af sorpi og öðrum úrgangi í anddyri.

Eldhús.

Í eldhúsi voru á eldavél og föstu eldhúsbörði matarílát og áhöld ásamt nokkru af matarleifum, skúffur í eldhúsbörði útdregnar og þrjár alveg, sem lágu á gólfinu til hliðar. Vatn var til hálfis í tveim neðstu skúffunum, bakar-ofn í eldavél opinn. Þá var einnig í eldhúsi laust eldhúsborð þar sem á voru ýmsar matvörur, gaseldunarprimus, ýmislegt rusl ásamt karlmanns-nærbuxum með saur í.

Á gólfi eldhússins var nokkuð um drasl, fatnaður, plastpokar, plastbali o.fl. Tveir tré-eldhússtólar með baki og einn eldhúskollur stóðu við glugga á austurhlið hússins, hinn bakstóllinn lá á hlið á gólfinu. Lík Kristins Þorsteinssonar lá á gólfinu með herðar og höfuð á baki þess stóls sem var á hliðinni. Höfuð Kristins framan við eldavél.

Kristinn var allsnakinn, vinstri hönd hans hvíldi á kynfærum en í greip þeirrar hægri var matardiskur þannig að hann hvíldi á milli löngutangar og visifingurs. Matardiskurinn lá ofan á stærra matarfati úr gleri sem lá á gólfi og að hluta ofan á hægri hné Kristins. Bæði matardiskurinn og fatið var óbrotið, framan við brjóst Kristins var annar matardiskur sömu gerð (sic) einnig óbrotinn. Undir hægri öxl Kristins að hluta til ofan á baki stólsins var hvítur rósóttur borðdúkur.

Á gólfinu við (sic) þar sem matardiskarnir voru voru nokkrar steiktar franskar kartöflur.

Á setu stólsins sem líkið lá á (sic) voru leifar á (sic) brunnum vaxkertum, sem sýnilega höfðu verið fest á stólinn (brædd) og brunninn niður.

Líkami Kristins var talsvert þaninn (blásinn) sérstaklega andlit og kynfæri. Dökkt glóðarauga undir vinstra auga, dökkur marblettur aftan við vinstra eyra sem náði frá eyrnasnepli að framan aftur fyrir eyra og upp í hársvörð. Einnig nokkurt mar framan við sama eyra.

Á efri bók voru víða marblettir og áverkar, á báðum fótum voru rispurr og hrufl ásamt saurkámi.

Hvergi á líkamanum var að sjá blóðrennsli, hvorki frá áverkum eða (sic) vitum.

Líkblettir varla greinanlegir.

Eftir skoðun á vettvangi var líkið sett í líkpoka og flutt með lögreglu-bifreið. Farið var að heilsugæslustöðinni á Flateyri þar sem gerð var tilraun til mælingar á líkamshita með endarþarmsmæli, mælir sá sem tiltækur var fór niður fyrir lágmark 35.5° og mælingin því ómarktæk.

Líkið var því flutt til Ísafjarðar og þar í líkhús Fjórðungssjúkrahússins. Eftir komu þangað kl. 11.15 framkvæmdi Hörður Högnason hjúkrunarfræðingur mælingu á líkamshita með endarþarmsmæli, sýndi sú mæling 33.3 - 4°. Staðfesting Harðar á mælingunni fylgir málinu. Lík Kristins var síðan flutt til Reykjavíkur með flugvél þennan sama dag til krufningar hjá rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

Kl. 12.55 var síðan framkvæmd mæling á hita í íbúð Kristins að Grundarstíg 9, þá mældist hiti í íbúðinni: Við gólf í eldhúsi 14.9°, í ca. eins metra hæð frá gólfi 15.7° hvort tveggja miðað við celsíus.

Stofa.

Í stofunni er einnig fataskápur innbyggður, hurðir skápsins voru opnar og fatnaður í óreiðu framan við skápinn. Fatnaður, blöð og tímarit ásamt ýmsu öðru drasli á gólfi.

Svefnherbergi.

Á gólfi svefnherbergisins var talsverð óreiða, blöð og tímarit ásamt ýmsu öðru drasli.

Á rúminu var svampdýna klædd bláu áklæði og önnur minni óklædd þar við hlið hinnar, einn svæfill í rósóttu veri var í rúminu og annar án vers á gólfi. Fiðursæng án vers var í rúminu.

Á áklæði rúmdýnunnar nálægt höfðalagi mátti sjá um lófastóran blóðblett, sem virtist ekki mjög gamall en þó þurr. Þá voru á dýnunni nokkrir blettir sem virtust vera saurblettir.

Ekki var að sjá neitt blóð eða blóðbletti á svæflinum sem var á rúminu en nokkrir blóðblettir að sjá svipað gamlir (sic) og á dýninni voru á svæflinum sem var á gólfinu.

Á fiðursænginni voru víða blettir sem virtust vera saurblettir og nokkrir smáir blóðblettir áþekkir hinum blóðblettunum.

Á gólfinu við höfðalag rúmsins voru karlmannsnærbuxur, bláar, með saur í. Þá var á svipuðum stað flaska undan brennivíni með ca. $\frac{1}{3}$ í af einhverjum vökva sem sennilega er bjórbrugg. Einnig voru tvær 1,5 l plastflöskur með samskonar vökva í, lítið í hvorri.

Herbergi inn af eldhúsi.

Allar skúffur kommóðunnar nema sú efsta voru útdregnar, og föt og annað í mikilli óreiðu bæði í skúffunum sjálfum og á gólfi herbergisins. Ofan á kommóðunni voru nokkrar flöskur undan gosdrykkjum og í þeim vökvi sem sennilega er bjórbrugg.

Eldhúskollurinn var á gólfinu og gólfíð þakið ýmsu drasli s.s. blöðum og tímaritum, ýmsum matarílátum, fatnaði o.fl. Svartur stór ruslapoki var við kommóðuna og í honum ýmislegt drasl.

Á sjálfu rúminu var nokkuð af drasli s.s. fatnaði matardisk (sic), mjólkurfernu (sic) og ölflöskum (tómum), þá voru einnig ölflöskur á gólfi bæði litlar og 1,5 l. Ein 1,5 l flaska með samskonar vökva og flöskur á kommóðu, var á gólfinu.

Þá var á rúminu m.a. ein brotin ölflaska undan appelsíni, flöskustúturinn um sex cm langur lá á rúminu, glerbrot sennilega úr þessari flösku voru dreifð um rúmið. Á gólfinu framan við rúmið var einnig brotið glas, glas þetta er frekar stórt vinglas á háum fæti.

Geymsla.

..... í geymslu þessari var mikil óreiða af allskonar drasli, fatnaði og ýmsu geymsludóti, og sorpi.

Tekin voru sýni af vökvum úr tveim flöskum í svefnherbergi og send ásamt líki Kristins til rannsóknar.

Ráðstafanir.

Að lokinni frumrannsókn á vettvangi ræddi undirritaður við Ólaf Aðalsteinsson og Mörthu Lund á heimili þeirra.

Þar kom fram að ástæða þess að Ólafur fór upp í íbúð Kristins í það skipti sem hann kom að honum látnum, hafi verið sú að vatn lak frá íbúðinni á efri hæðinni og niður um milliloft og í stofu í íbúð þeirra Ólafs og Mörthu.

Einnig kom fram hjá Ólafi að hann hefði farið til Kristins aðfaranótt

sunnudagsins og Kristinn þá slegið Ólaf í höfuðið með flösku þannig að hann hafi hlotið sár af sem Páll Þorsteinsson læknir gerði að þá um nóttina.

Ekki vildi Ólafur þá gera mikið úr átökum við Kristin.

Sama dag kl. 14.30, eftir að hafa flutt lík Kristins Þorsteinssonar til Ísafjarðar, fór undirritaður ásamt Jónasi Eyjólfsyni yfirlögregluþjóni til Flateyrar aftur.

Unnið var þar að frekari rannsókn á vettvangi ásamt eftirgrennslunum um ferðir Kristins og mannaferðum til og frá íbúð hans.

Kl. 16.05 mætti til yfirheyrslu á Flateyri Egill Egilsson sonarsonur hins látna. Egill skýrði frá því að á sunnudag milli kl. 16 og 17, hefði hann komið í íbúð Kristins. Þá hefði Kristinn legið fyrir en sest upp og fengið sér að reykja. Agli fannst undarlegt að Kristinn virtist þá ekki vilja tala neitt þrátt fyrir að Egill spyrði um liðan o.fl.

Egill skýrði einnig frá því að þá hefði Kristinn verið með glóðarauga á öðru auganu og mjög bólginn í andliti, eins og hann hefði verið laminn illa í andlitið.

Kl. 17.15, mætti Ólafur Aðalsteinsson til yfirheyrslu, samkvæmt boðun, á lögreglustöð á Flateyri.

Þar var Ólafi tilkynnt að rannsóknarlögregla óskaði eftir að frekari yfirheyrsla færi fram á Ísafirði og var Ólafur fluttur þangað.

Við yfirheyrslu þar sem hófst kl. 18.30, viðurkenndi Ólafur að hafa farið í íbúð Kristins á laugardagskvöld um kl. 23 og síðan aftur aðfaranótt sunnudagsins um kl. 3 og að hafa í seinna sinnið lent í miklum átökum við Kristin, m.a. slegið hann oft og illa í höfuð og efri bók.

Að lokinni yfirheyrslu var Ólafi síðan tilkynnt að hann væri handtekinn, vegna grunar um að hafa valdið Kristni Þorsteinssyni áverkum sem hugsanlega leiddu hann síðar til dauða. Ólafur var að þessu loknu færður í fangahús kl. 23.35.

Á þriðjudagsmorgun voru vitni að málinu, þær Martha Lund eiginkona Ólafs og Sigríður Benjamínsdóttir, sóttar til Flateyrar og færðar til yfirheyrslu á lögreglustöðinni á Ísafirði.

Einnig voru sama dag yfirheyrð vitnin Egill Egilsson og Guðbjörg A. Matthíasdóttir.

Um kl. 11.15 sama dag hringdi Gunnlaugur Geirsson læknir hjá rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Gunnlaugur skýrði undirrituðum frá því að við krufningu líks Kristins Þorsteinssonar hefði komið í ljós að áverkar þeir sem á líkinu voru hafi leitt til dauða. Formlega niðurstöðu kvað Gunnlaugur ekki liggja fyrir en þetta væri álit hans á þeirri stundu.

Kl. 14.00 sama dag fór undirritaður á fund Péturs Kr. Hafsteins sýslumanns Ísafjarðarsýslu og Ólafs K. Ólafssonar aðalfulltrúa hans.

Var þar rætt um ástæðu til gæsluvarðhalds Ólafs Aðalsteinssonar í þágu rannsóknar málsins, þar sem frumrannsókn væri ekki lokið.

Skilyrði til gæsluvarðhalds voru ekki talin fyrir hendi og fyrir lagt að Ólafi skyldi sleppt úr haldi eigi síðar en 24 klst. frá þeim tíma er hann mætti til fyrstu yfirheyrslu, eða fyrir kl. 17.15 þriðjudaginn 30. september, ef ekki kæmi fyrir þann tíma ný vitneskja sem hugsanlega gæti breytt þeirri afstöðu.

Kl. 15.10, mætti Ólafur Aðalsteinsson enn til yfirheyrslu, eftir setu í fangahúsi. Var Ólafur þar yfirheyrður nánar um atburði; ekki komu þar fram nein ný atriði sem breytt gátu fyrri afstöðu til gæsluvarðhalds.

Að lokinni yfirheyrslu kl. 16.55, var Ólafi tilkynnt að hann væri laus úr haldi en honum gert að mæta til frekari yfirheyrslu síðar samkvæmt boðun þar um.

Jafnframt var lagt fyrir Ólaf að fara ekki úr umdæminu án samráðs við rannsóknarlögreglu.

Fimmtudaginn 2. október fór fram í íbúð Kristins Þorsteinssonar að Grundarstíg 9, efri hæð, sviðsetning atburða aðfaranætur sunnudagsins 28. september.

Sviðsetningin var framkvæmd eftir fyrirsögn Ólafs, með þátttöku hans og Gísla B. Árnasonar lögregluvarðstjóra, sem var staðgengill hins látna. Sviðsetningin var ljósmynduð af undirrituðum, sem einnig stjórnaði sviðsetningunni.

Föstudaginn 3. október kl. 13.50 mætti Ólafur Aðalsteinsson síðan til yfirheyrslu á skrifstofu rannsóknardeildar á Ísafirði. Var þar skrásett lýsing Ólafs á atburðum þeim sem ljósmyndir frá sviðsetningunni sýna og frásögn hans á (sic) atburðarásinni.

Sama dag kl. 16.00 var Ólafi gerð grein fyrir því að nauðsynlegt væri talið að hann sætti geðrannsókn vegna rannsóknar málsins. Ólafur lýsti sig reiðubúinn til að sæta slíkri rannsókn þegar boð þar um kæmi fram.

Mánudaginn 6. október er Ólafur enn mættur til yfirheyrslu; hann er þá beðinn að gera nánari grein fyrir tíma þeim sem hann fór í íbúð Kristins Þorsteinssonar, aðfaranótt sunnudagsins 28. sept. sl. Við fyrri yfirheyrslur hefur Ólafur skýrt frá því að þá hafi klukkan verið um eða eftir 3.00.

Ólafur kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir nákvæmari tímasetningu á þessu atriði. Hann kvaðst hafa horft á dagskrá sjónvarpsins til dagskrárloka og síðan á eina mynd á myndbandsspólu, en einhver hlé hefðu orðið á milli þess að dagskrá sjónvarps lauk og þar til hann fór að horfa á myndbandsspóluna, einnig hafi einhver tími liðið frá því að myndinni lauk þar til hann fór í íbúð Kristins.

Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið þá lauk dagskrá sjónvarps kl. 23.57 laugardaginn 27. september 1986.

Þá hefur verið aflað upplýsinga um að mynd sú sem Ólafur kvaðst hafa horft á og ber heitið „Lady Hawk“ tekur 117 mínútur í sýningu.“

Með bréfi, dags. 23. júní 1987, til bæjarfógetans í Grindavík óskaði sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslum eftir, að ákærði yrði látinn undirgangast geðrannsókn. Kveðinn var upp úrskurður í sakadómi Grindavíkur þ. 20. júlí 1987 þess efnis, að ákærði skyldi sæta því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsakaði geðheilbrigði og sakhæfi hans. Við birtingu úrskurðarins 14. ágúst s.á. lýsti ákærði yfir, að hann vildi ekki sætta sig við hann, kvaðst samt ekki vilja skjóta honum til Hæstaréttar.

Dómsrannsókn hófst þ. 10. júlí 1989 og fór fram við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum og einnig í sakadómi Reykjavíkur. Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. september 1989, vékst sýslumaður undan meðför málsins með hliðsjón af ákvæðum 30. gr. laga nr. 85/1936 um embættisannir dómara, auk þess sem ákærði hafði flust úr umdæminu að Vesturgötu 25 á Akranesi. Þá höfðu gefið skýrslur fyrir dómi: Hörður Högnason hjúkrunarforstjóri, Hlynur Snorrason rannsóknarlögreglumaður, Gísli B. Árnason lögregluvarðstjóri, Páll Niels Þorsteinsson heilsugæslulæknir, Óskar Þór Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, Egill Egilsson verkamaður, Arnar Þór Stefánsson lögregluvarðstjóri, Jónas Helgi Eyjólffsson yfirlögregluþjónn, Hafliði Alfreð Karlsson sjómaður, Guðbjörg Arnberg Matthíasdóttir húsmóðir og Héðinn Kristinsson leigubifreiðarstjóri.

Með umboðsskrá dómsmálaráðuneytis, dags. 22. september 1989, var þeim dómara, er kveður upp dóm þennan, falið að fara með málið. Á dómþingi 6. desember voru skýrslur teknar af ákærða og eiginkonu hans, málið var sótt og varið í beinu framhaldi og þá tekið til dóms.

IV.

Gunnlaugur Geirsson prófessor, rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði, framkvæmdi þ. 30.9. 1986 réttarkrufningu á líki Kristins Þorsteinssonar. Ályktarorð skýrslu hans, dags. 24. nóvember 1986, eru svohljóðandi:

„Samkvæmt því sem fannst við krufninguna má álykta að maðurinn hafi látist af völdum loftbrjósts með samfallið vinstra lunga.

Maðurinn hefur hlotið áverka á vinstra brjósthelming og brot á þrem rifbeinum í vinstri síðu. Einn brotendinn hafði stungist í vinstra lunga og náði loft að fleygast út í vefi líkamans og olli loftbrjóstinu og þenslu þeirri er sást á líkinu. Auk rifbrotsins hafði maðurinn áverka á höfði ásamt blæðingu undir mjúku heilaheimnuna. Má telja að síðastnefnda blæðingin hafi verið meðverkandi að dauða mannsins. Hitamælingar sem gerðar voru á líkinu benda til þess að andlát mannsins hafi borið að skömmu áður en hann fannst.

Sneið frá áverkasvæði umhverfis rifbrot sýndi drep í vöðva og íferð hvítra blóðkorna. Nákvæm tímasetning er ekki möguleg en líkleg tímasetning þykir að áverkinn hafi orðið 12-48 klukkustundum fyrir dauða.

Ekki verður ráðið af eðli eða útliti áverkanna af hverju þeir hafa hlotist.“

Í skýrslu Þorkels Jóhannessonar prófessors f.h. rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði, dags. 9. október 1986, um réttarefnafræðilegt mat stendur:

„Etanól var ekki í mælanlegu magni í blóði eða þvagi hins látna. Í þvagini var vottur af acetóni. Í meðfylgjandi glösum var ekki brugg heldur þvag.“

Gísli Á. Þosteinnsson, sérfræðingur í geðlækningum, framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Lokakaflar (Álit og Lokaorð) skýrslu hans, dags. 10. desember 1987, eru svohljóðandi:

„Álit:

Ólafur er tuttugu og sjö ára gamall fjölskyldumaður sem hefur greind í háu meðallagi. Yrt greind er í háu meðallagi en verkleg greind fyrir ofan meðallag og er munurinn eðlilegur. Ólafur er athugull og hefur góða almenna þekkingu og mjög gott minni. Honum gekk þó hlutfallslega illa þar sem reynir á hæfni til að læra ný verkefni á stuttum tíma, en líklegt er að depurð (sic) hans og kvíði hafi áhrif á getu hans. Stoðþættir greindar, athygli, einbeiting og rökræn hugsun eru í háu meðallagi. Sjónrænt skammtaminni Ólafs er eðlilegt og formskyn mjög gott. Engar vísbendingar koma fram um vitræna skerðingu. Ólafur er félagslega aðlagður og hefur góða dómgreind og skilning.

Samkvæmt þeirri mynd sem Ólafur gefur af sér á persónuleikaprófum er hann frekar dapur, áhyggjufullur og kjarklitill. Depurð hans má að sjálf-sögðu skýra með því að líta til aðstæðna, þ.e. yfirvofandi dóms og afplánunar. Ólafur er hlédrægur og á erfitt með að tjá tilfinningar sínar. Hann virðist frekar umbera óþægindi en bregðast beint við þeim, en verður þess í stað spenntur og dapur. Þetta kemur fram í prófniðurstöðum, en einnig í tali hans um málsmeðferðina. Hann hefur ekkert kynnt sér hver afgreiðsla málsins geti hugsanlega orðið, heldur gerir einfaldlega ráð fyrir hinu versta.

Lokaorð:

Niðurstaða þessarar geðheilbrigðisrannsóknar er í stuttu máli á þá leið að Ólafur er hvorki haldinn meiri háttar geðsjúkdómi né heldur áberandi taugaveiklunareinkennum. Hann er hvorki vitsmunalega þroskaheftur né greindarskertur. Samkvæmt sálfræðiprófum er eðlisgreind hans í háu meðallagi. Þrátt fyrir stutta skólagöngu hefur Ólafur góða almenna þekkingu og mjög gott minni, hann er félagslega meðvitaður, hagsýnn og vel fær um að hugsa fram í tímann. Ólafur virðist vera dulur, innhverfur og

viðkvæmur maður sem á erfitt með að tjá tilfinningar sínar, dálítið skapmikill og þykkjuþungur, en hefur áður yfirleitt átt gott með að stjórna skapi sínu. Persónuleikapróf sýna eðlilegan og heilsteyptan persónuleika og ekki koma fram nein þau frávik sem einkum einkenna afbrotamenn og andfélagslega einstaklinga. Ekkert í sálfræðiprófunum bendir þannig til afbrotahneigðar. Hins vegar geta persónuleikaprófin bent til þess að Ólafur sé hléðrægur og eigi erfitt með að sýna tilfinningar sínar en langar þó til þess að eiga auðveldara með að tjá þær. Ennfremur ber að leggja áherslu á að Ólafur hefur þótt duglegur til vinnu, samviskusamur og vel látinn af ættingjum, skólafélögum og vinnufélögum. Hann mun alls staðar hafa þótt góður starfsmaður, unnið hörðum höndum og aldrei legið á liði sínu.

Undirrituðum virðist Ólafur ekki vera í þörf fyrir neina sérhæfða geðlæknismeðferð eða sálfræðimeðferð. Þó kann hann að þurfa á vissum stuðningi að halda á þessu erfiða tímabili í lífi hans meðan hann bíður yfirvofandi réttarhalda og ef til vill dóms og afplánunar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingum að undanskildu því, að á árinu 1979 gekkst hann með dómsátt undir sektargreiðslu vegna brots á umferðarlögum og áfengislögum.

V.

Martha Edvarda Kristín Lund kaus ekki að neyta heimildar sinnar til að skorast undan vitnisburði, sbr. 1. tl. 89. gr. laga nr. 74, 1974. Hún kvað sambylið við Kristín Þorsteinsson hafa verið gott í fyrstu, en af ýmsum ástæðum hefði umgengni hans verið orðin illþolanleg. Það hefði verið farið að bera á vatnsleka frá íbúð hans eins og í tíð fyrri eiganda. Kristinn hefði geymt 3 - 4 sorppoka inni hjá sér, og kettir hans, kettlingar og hamstrar hefðu komist milli þilja og þau hjónin þurft að ná þeim þaðan. Eftir að lokað hefði verið fyrir rafmagn til efri hæðarinnar, hefði kulda lagt frá henni, „og það sem ég var hrædd við og bað Óla að tala um við hann, —við vorum þarna þrjár fjölskyldur í húsinu og erum báðar sjómannskonur með krakka—. Við vissum að hann var oft á fylliríi, hann var orðinn einn og það var ekkert ljós hjá honum og á næturnar varð hann að nota eitthvað til að lýsa sér, kerti eða annað. Við vissum að stólar voru farnir að brenna út frá þessu og vaskurinn hafði verið notaður til að kveikja upp í. Það náttúrulega stíflast og ég held meira að segja að hann hafi ekki alltaf notað klósett.“ Hún kvað þau hjónin hafa áður reynt að tala við Kristín um vandann og enn ætlað að reyna, en ákveðið að bíða, er hann kom fullur til Flateyrar nýkominn út af Vogu.

Laugardagskvöldið 27. september 1986 sagði Martha, að vatn hefði farið að leka niður í stofu þeirra hjóna frá efri hæðinni. Þá hefði ákærði farið upp til að tala við Kristín, en komið aftur niður og horft á sjónvarp. Hann

hefði síðan farið aftur upp þá um nóttina. Kvaðst hún hafa heyrt eins og stimpingar og nokkurn skarkala og farið til að kalla í ákærða, en ekki komist lengra en í ganginn vegna ólyktar. Ákærði hefði neitað að koma og sagst „ætla að tala við hann“. Kvaðst hún hafa farið inn til sín, en á nýjan leik heyrt lík hljóð og fyrr, farið og kallað í ákærða, sem hefði ekki samþykkt að koma og tala við hana, heldur sagt: „Nei, ég ætla að tala við Kristin.“ Marta kvaðst hafa ákveðið, þar sem „karlinn“ væri þunnur eða hálffullur og ákærði „undir vini“, að „þetta hefði ekkert upp á sig“ og ákveðið að hringja í vinkonu sína, Sigríði Benjamínsdóttur, sem átti heima skammt frá, en síðan afráðið að hlaupa til hennar. Er þangað kom, hefði hún knúið dyra, en hætt síðan við, hlaupið heim og kallað í ákærða. Hann hefði komið fram á stigaskörina og sýnt henni, með því að beina vasaljósi að andliti sér, að það var útatað í blóði; hún hefði heyrt í Kristni allan tímann. Þá hefði hún hlaupið aftur til Sigríðar að Hafnarstræti 23 (um 90 metra vegalengd), sem hefði brugðist fljótt við og þær síðan hlaupið aftur til baka. Sigríður hefði kallað í ákærða og hefðu þær þá heyrt, að Kristinn var kominn fram á klósett, og segir hann: „Þetta er allt í lagi, Martha, Óli er farinn heim.“ Þar, í íbúð þeirra hjóna, hefði ákærði setið með handklæði við höfuð sér og verið búinn að hringja í lækinn. Kvað hún þetta hafa verið um þrjú- til fjögurleytið.

Á sunnudeginum kvað Martha þau síðan hafa heyrt í Kristni og séð afabarn hans fara í heimsókn til hans. Um kvöldið hefði kunningjakona hennar, sem var í heimsókn, haft orð á því, að mjög hljóðbært væri milli íbúðanna, en þá hefði Kristinn greinilega verið á ferli; þau hefðu öll heyrt hann ganga um. Hún skýrði svo frá, að sér hefði fundist hún heyra einhverja stunu aðfaranótt mánudagsins, en samt ekki verið vissari en svo, að hún hefði ekki nefnt það við ákærða fyrr en eftir á. Hið næsta, sem hún mundi, var, að hún vaknaði milli kl. 7 og 7.30 við, að flóðlak niður í stofu. Ákærði fór upp, en kom niður hálfstjarkfur og sagði: „Karlinn er dauður.“ Martha kveðst þá hafa spurt: „Hvað segirðu, er hann ennþá að drekka?“ Og ákærði: „Nei, hann er kaldur. Hann er dáinn.“ Hún kvað ákærða hafa hringt í lækinn, sem hefði komið á vettvang og eftir það lögregla.

Martha kvað hafa komið í ljós, er leið að hádegi, að ákærði, öndvert við ætlan sjálfrar hennar, hefði sett andlát Kristins í samband við það, sem gerst hafði þeirra á milli. Hann hefði þá haft á orði, að trúlega yrði sér um kennt, þar sem hann hefði farið til Kristins, „verið í því“ og þeir hefðu skipst á höggum.

Vitnið Páll Niels Þorsteinsson heilsugæslulæknir skýrði svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 29. september 1986 hefði maður, sem síðar reyndist vera ákærði í máli þessu, hringt og beðið um, að litið yrði á höfuð

sitt vegna þess, að hann hefði verið sleginn með brennivínsflösku. Að símtalinu loknu kvaðst vitnið hafa klætt sig, litið á klukku og séð, að hún var 4.26. Sárið hefði ekki reynst vera mikið, efstu lög húðarinnar hefðu verið í sundur á stjörnulöguðum bletti og laus flipi um 5 mm á kant. Eitt litid glerkorn hefði verið í sárinu. Ekki hefði blætt mikið úr því, þótt svo hefði sennilega verið í fyrstu. Vitnið kvað ákærða hafa sagt, að sér hefði brugðið mjög, þegar hann fékk flöskuna í höfuðið, hann hefði orðið reiður og „látið hann hafa það“. Kvað vitnið lýsingu átakanna ekki hafa verið þannig, að því hefði skilist, að það þyrfti að hafa áhyggjur sem lækni. Vitnið kvað ákærða hafa verið snyrtilegan til fara, komið vel fyrir og áfengisáhrif vart eða ekki merkjanleg. Hins vegar hefði hann verið æstur og órólegur í samræmi við það, sem á undan var gengið. Vitnið kvaðst síðan ekki hafa haft nein afskipti af ákærða eða öðrum í húsinu Grundarstíg 9 fyrr en að morgni mánudagsins, kl. um 7.35 - 7.40, er ákærði hringdi, kynnti sig og bað það að koma vegna þess, sem gerst hafði.

Vitnið Egill Egilsson kvaðst hafa komið heim til afa síns, Kristins Þorsteinssonar, kl. um 23 laugardaginn 27. september. Útidyr hefðu verið lokaðar. Kristinn hefði legið sofandi í rúmi sínu og snúið baki að vitninu, þannig að það sá ekki framan í hann. Vitnið kvaðst hafa komið aftur milli kl. 16 og 17 daginn eftir. Kristinn hefði verið í sama rúmi og daginn áður, legið og horft á vitnið, risið upp við dogg og fengið sér vindling.

Vætti Egils að öðru leyti:

„Ég reyndi að tala við hann þarna, en það var eins og hann vildi ekki tala við mig, horfði bara á mig.

Mér leist mjög illa á hann þarna, hann var allur bólgin í framan, með glóðarauga vinstra megin. Ég spurði, hvernig honum liði, en hann horfði bara á mig. Hann reykti þarna heila sígarettu, á meðan ég dvaldist þarna.

Mér fannst óeðlilegt, að hann vildi ekki tala við mig þarna, því að hann er vanur því, þegar hann er fullur. Mér fannst hann vera eins og hann væri þunnur eða þess háttar.

Þegar ég hafði spurt afa, hvernig honum liði, þá sagði ég bara bless og labbaði út. Ekki kallaði hann neitt á eftir mér, og ég held, að hann hafi ekki verið búinn að drepa í sígarettunni.

Þegar ég fór út, var ég búinn að dveljast þarna í mesta lagi í fimm mínútur. Ég náði ekki að tala neitt við afa, eftir að hann kom nú að sunnan.

Í fyrra skiptið, sem ég kom þarna, sá ég ekki framan í afa og veit því ekki, hvort hann var þá með áverkana, sem ég sá framan í honum daginn eftir.

Þegar ég kom til afa í fyrra skiptið, fannst mér eins og hann ætti erfitt með andardrátt, því það korraði svolítið í honum. Þegar ég kom í seinna

skiptið, hóstaði hann nokkrum sinnum, á meðan hann var að reykja. Ekki tók ég eftir því þarna í seinna skiptið, hvort hann ætti erfitt með að anda.

Þegar ég fór frá afa þarna í seinna skiptið, þá geng ég niður stigann og út. Ég man, að ég lokaði innri hurðinni í ganginum niðri, en ég man ekki, hvort ég lokaði ytri hurðinni. Ég fór ekki þarna (sic) síðan.

Ekki get ég sagt, að ég hafi séð nein sérstök ummerki eftir átök þarna heima hjá afa, nema að stofuborð var á hliðinni.“

Vitnið Guðbjörg Arnberg Matthíasdóttir kvaðst vera viss um að hafa heyrt umgang af efri hæðinni sunnudagskvöldið 28. september, er það var í heimsókn hjá ákærða og eiginkonu hans. Kvaðst vitnið hafa haft á orði við hjónin, að mikið heyrðist á milli hæða.

Vitnið Sigríður Kristín Benjamínsdóttir staðfesti með vætti sínu fyrrgreinda frásögn Mörthu Lund um atvik þess, er hún sótti vitnið til hjálpar aðfaranótt sunnudagsins 28. september, að það kallaði á ákærða, svar Kristins Þorsteinssonar svo og, að ákærði var þá kominn niður í íbúð sína. Vitnið kvað ákærða hafa verið blóðugan í andliti og lítil glerbrot í hári hans. Hann hefði talað um það, sem gerst hefði, þ.e., að hann hefði ekki „hjólað í Kidda“ að fyrra bragði, en eftir að Kiddi hefði slegið hann með flösku „þá brjálaðist ég og lamdi karlinn í klessu“. Hefði hann sagst hafa lamið Kidda í andlitið. Hann hefði borið hendur fyrir sig, og þegar hendur hans hefðu verið fyrir andlitinu, þá hefði hann lamið hann í síðuna. Þetta hefði hann ekki sagt með orðum, heldur sýnt með látbragði. Hjónin Martha og ákærði hefðu síðan sagt vitninu frá því, sem gerst hefði fyrr um kvöldið, þ.e. að ákærði hefði farið upp til Kidda til að tala við hann vegna vatnsleka og sóðaskapar. Kiddi hefði verið sofandi, er ákærði kom upp til hans, aðeins svarað aðfinnslum með því að segja: „Nú jæja“ og spurt ákærða, hvort hann vildi ekki koma tveim tímum síðar. Vitnið kvað ákærða hafa farið til læknis, en komið aftur eftir skamma stund og sofnað fljótlega í stól í stofunni. Vitnið og Martha hefðu síðan talað saman nokkra stund, og á meðan hefði það heyrt umgang á efri hæðinni.

Vitnið kvaðst hafa komið í heimsókn til ákærða og konu hans um miðjan dag á sunnudeginum og þá heyrt, að gengið var um á hæðinni fyrir ofan.

Vitnið Héðinn Kristinsson kvaðst hafa sótt Kristin Þorsteinsson samkvæmt beiðni laugardaginn 27. september 1986 í afgreiðslusal Flugfélagsins Arna á Ísafirði og ekið honum til Flateyrar, að Grundarstíg 9. Hann hefði verið fremur illa til fara og mjög drukkinn. Meðferðis hefði hann haft áfengisflösku í plastpoka, en ekki annan farangur. Hann hefði slagað sakir ölvunar, þegar hann gekk frá leigubífreidinni að heimili sínu.

Ákærði lýsti sambyli við Kristin Þorsteinsson og örðugleikum því samfara mjög á sama veg og gert hafði Martha, kona hans, sbr. hér að framan. Hann sagði, að tillitsleysið hefði verið orðið algjört og ekki unnt

að eiga heima í húsinu. Kristinn heitinn hefði verið óvirkur alkóhólisti og allt í lagi, meðan hann var ófullur, en hann hefði verið búinn að vera fullur í nokkra mánuði, er atvik málsins gerðust. Kvaðst hann hafa kvartað við Kristin og strákinn (Egil) eða réttara sagt talað við þá og beðið þá að hreinsa til. Einnig hefði hann snúið sér til yfirvalda á staðnum til að reyna að fá þau til aðstoðar, þótt ekki væri til annars en að hreinsa hæðina, sem hefði verið eins og ruslahaugur. Svárið hefði verið: „Við getum ekkert gert.“

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði farið laugardagskvöldið 27. september upp til Kristins vegna þess, að vatn flæddi niður í íbúð þeirra hjóna. Ekki hefði verið hægt að tala við manninn, en hann hefði beðið ákærða að koma aftur eftir 2 - 3 tíma. Hann kvaðst, er hann fór upp öðru sinni, hafa vakið Kristin, sem var sofandi í rúmi sínu í svefnherberginu, og þeir hefðu lent í rifrildi og áflogum „út af þessu“. Nánar lýst, hefði Kristinn orðið kolvitlaus, er ákærði fór að tala við hann, og hrint sér í stofunni. Þeir hefðu lent í áflogum, sem enduðu í rúminu og þaðan (sic) niður á gólf, en Kristinn hafnaði undir þar. Síðan fóru þeir fram í eldhús og rifust þar. Minnti ákærða, að kona hans hefði kallað til sín, meðan þeir voru þar. Kristinn fór síðan í herbergi inn af eldhúsinu, settist á rúmið þar og ákærði við hliða hans. Hann kvaðst hafa spurt Kristin, hvort hann væri með timburmenn eða hvort hann væri þunnur, og gefið honum selbita í höfuðið. Kristinn hefði þá gefið sér á kjaftinn og hann þá orðið mjög illur, stokkið á hann og keyrt hann niður í rúmið. „Þetta gerði ég á þann hátt að ég tók um axlir Kristins og ýtti honum niður í rúmið. Ég hélt honum á rúminu á þennan hátt. Hann hefur þá náð að teygja sig í flösku, sem hefur annaðhvort verið á gólfinu eða rúminu, og sló mig í höfuðið þannig, að flaskan brotnaði.“ Kvaðst hann hafa orðið foxandi illur, blóðillur. Hann kvað Kristin hafa legið upp við dogg aftur á bak í rúminu, en sjálfur hefði hann setið ofan á honum og lamið hann margsinnis með báðum höndum, en Kristin hefði reynt að verja sig. Högginn kvað hann hafa lent á andliti og brjóstkaða, og olnboga hefði hann rekið í síðu. Hann kvað sig minna, að hann hefði hætt átökunum, þegar eða um það bil er Martha kallaði til hans öðru sinni. Hann kvaðst hafa farið fram í eldhús, en síðan aftur inn í herbergið og viðhaft einhverja hótun, svo sem að réttast væri „að ganga frá þér“ eða „lemja þig í klessu“. Kristinn hefði svarað eitthvað á þá leið, að ákærði ætti eftir að sjá eftir þessu. Ákærði kvaðst þá hafa farið út. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvernig ástand Kristins var, enda myrkur í íbúðinni, og vasaljós, sem hann var með, hefði legið á gólfi herbergisins. Hann kvað ekki hafa hvarflað að sér, að Kristinn þyrfti á læknishjálpi að halda.

Á sunnudeginum og um kvöldið fram yfir miðnætti kvaðst ákærði hafa

heyrt umgang uppi á lofti. Að morgni mánudagsins hefði vatn flætt niður í stofuna. Kvaðst hann hafa farið upp og komið að Kristni látnum, liggjandi á eldhúsgólfinu. Ákærði kvað orsök vatnsleka niður í íbúð hans á laugardagskvöldi og mánudagskvöldi hafa verið þá, að vatn hefði streymt úr krana í eldhúsvask, sem hefði verið fullur af brunaleifum, drasli, sem kveikt hefði verið í. Kvaðst hann ekki hafa tekið ruslið upp úr vaskinum á laugardagskvöldinu, aðeins hreinsað frá niðurfallinu.

VI.

Sannað er með framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði réðst á Kristin Þorsteinsson í íbúð hans á efri hæð húss nr. 9 við Grundarstíg á Flateyri við Önundarfjörð laust eftir klukkan 3 aðfaranótt sunnudagsins 28. september 1986. Ákærði felldi Kristin niður í rúm og lamdi hann margsinnis í höfuð, brjóstkassa og síðu og sló hann jafnframt með olnboga í vinstri síðu með þeim afleiðingum, að Kristinn hlaut áverka á höfði og vinstri brjósthelmingi og brot á 3 rifbeinum í vinstri síðu. Næsta mánudag, klukkan um 7.30, er ákærði kom á vettvang, var Kristinn Þorsteinsson látinn af völdum loftbrjósts með samfalli vinstra lunga.

Ákærði hefur með þessu unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 118. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Framangreint ákvæði tæmir sök gagnvart 1. mgr. 220. gr. laga nr. 19, 1940. Ber að sýkna ákærða af því ákæruatriði.

Dómarinn lítur svo á, að með hliðsjón af aðdraganda beri að varast að leggja áherslu á vægi grófyrtrar hótunar ákærða, er hann viðhafði að atlögu lokinni. Ber í því efni einnig að hafa í huga, að ákærði greindi frá ummælunum, án þess að til þess ræki nauður og þrátt fyrir það að hann, eins og skýrlega kom fram í dómþingi, gerði sér þess ljósa grein, að hreinskilnin kynni að reynast sér þung í skauti.

Ákærði sagði af sjálfsdáðum til brots sins og skýrði hreinskilninslega frá öllum atvikum að því.

Gögn málsins benda til þess, að eftirfarandi ummæli ákærða séu raunsonn lýsing hugarástands hans á verknaðarstundu: „Ég varð vondur, það var það eina. Ég varð blóðillur, svipað og menn verða, þegar búið er að ergja þá lengi, þá getur mælirinn fyllst einhvern tímann.“

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um neitt brot, sem til álita kemur í máli þessu. Hegðun hans fyrir framningu brotsins var góð svo og framferði hans eftir það. Þá beinist athyglin við ákvörðun refsingar að ummælum í skýrslu um geðheilbrigðisrannsókn: „Persónuleikapróf sýna eðlilegan og heilsteypnan persónuleika, og ekki koma fram nein þau frávik, sem einkum einkenna afbrotamenn og andfélagslega einstaklinga. Ekkert í sálfræðiprófununum bendir þannig til afbrotahneigðar.“

Refsing ákærða þykir með vísan til 4. og 9. tl. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. og 5., 6. og 8.tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun (og kostnað) skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000, en sækjandi var Björn Helgason saksóknari.

Sigurður Hallur Stefánsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Grétar Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000, og málsvarnarlaun (og -kostnað) skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.
